



# FUNDARGERÐ

264. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fundarsal HEF að Einhleypingi, fimmtudaginn 22. ágúst 2019 kl. 9:00.

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, Björg Björnsdóttir, Ívar Karl Hafliðason, varamaður.

Gestir fundarins: Björn Ingimarsson, bæjarstjóri, Aðalsteinn Þórhallsson, nýráðinn framkvæmdastjóri og Guðmundur Daníelsson, eigandi Snerru.

Af aðalmönnum var fjarverandi: Ágústa Björnsdóttir.

## **Dagskrá:**

1. Verkefnastaða HEF

Gunnar Jónsson, formaður stýrði fundi.

## **1. Verkefnastaða HEF**

Farið var yfir stöðu verkefna HEF, sérstaklega lagningu ljósleiðara í dreifbýli.

Björn Ingimarsson sagði stuttlega frá stöðunni og sjónarhorni sveitarfélagsins til ljósleiðaraverkefnisins.

Guðmundur Daníelsson fór yfir og kynnti hvernig hann hefur unnið að undirbúningi og umsjón með lagningu ljósleiðara í dreifbýli í nokkrum sveitarfélögum. Hann lagði áherslu á að rétt sé staðið að málum vegna þess að verkefnið er byggt á grunni ríkisstyrks inn á samkeppnismarkað.

Formanni og nýjum framkvæmdastjóra falið að vinna ramma að samkomulagi við Guðmund um undirbúning og umsjón með lagningu ljósleiðara í dreifbýli Fljótsdalshéraðs.

Starfið framundan og skipulag rætt.

Björn Ingimarsson, bæjarstjóri yfirgaf fundinn um kl 10:00.

Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 23. ágúst kl. 16:00 í fundarsal HEF.

Fundi slitið kl. 12:30.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.